



Reykjavík, 6. September 2017

**Minnisblað vegna Víkurgarðs.
USK. 06.10.2017**

Á fundi borgarráðs 23. júní 2016 var samþykkt tillaga um að umhverfis- og skipulagssviði yrði falið að undirbúa samkeppni um að bæta yfirbragð Víkurkirkjugarðs þannig að hlutverk hans sem kirkjugarðs og skráðgarðs verði sýnilegra en nú er í samræmi við erindi Minjastofnunar Íslands, dags. 23. maí 2016.

Í Víkurgarði, sem er hverfisverndaður, eru friðaðar fornleifar, þrjú hverfisvernduð tré, stytta af Skúla Magnússyni og minnismerki um þúsund ára kristni. Yfirbragð garðsins er nokkuð einfalt og er sögu garðsins gerð ákveðin skil en tækifæri eru til úrbóta á öllum sviðum. Víkurgarður er mikilvægt borgarrými sem spennandi er að tengja betur við söguna og tengja betur við elstu götu Reykjavíkur. Sögu garðsins hefur verið gerð góð skil í skýrslu Braga Bergssonar um almenningagarða í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur fundað með Minjastofnun og mun nú í samstarfi við stofnunina undirbúa samkeppnislýsingu vegna hugmyndasamkeppni.

Mikilvægt er að garðinn sé hægt að nota á fjölbreyttan hátt um leið og sögunni eru gerð rík skil. Hugmyndasamkeppni þar sem ein af forsendunum er áherslan á tengingu við sögusýningar í Kvosinni yrði sett af stað fljótlega eftir áramót og gert er ráð fyrir að hugmyndir liggi fyrir vorið 2018.

Framkvæmd og ábyrgð samkeppninnar er í höndum umhverfis- og skipulagssviðs með aðkomu Borgarsögusafns og Minjastofnunnar.

Verið er að rýna hvaða samkeppnisfyrirkomulag hentar best fyrir þennan stað.

Ólöf Örvarsdóttir